



SAGAN VEITIR SÓKNARKRAFT

Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Þegar þjóðir verða fyrir áföllum og glíma við erfiðleika sem virtust fyrir skömmu óhugsandi er gagnlegt að huga að lærdómum sögunnar, sækja áræðni og þor, bjartsýni og sóknarhug í sigrana sem barátta fyrri kynslóða færði okkur.

Bessastaðir varðveita margþættan efnivið sem minnir á hve árangursrík vegferð Íslendinga hefur verið. Gamlar hleðslur konungsgarðsins og moldarflet í dýflissunni bera vitni erlendri áþján sem um aldir hneppti Ísland í fjötra. Veggir Bessastaðastofu geyma óminn af samræðum piltanna sem sátu hér á skólabekk. Fjölmargir gripir árétta sigurinn sem stofnun lýðveldis var á sínum tíma.

Í bókhlöðunni er skemmtileg ljósmynd, tekin fyrir hálfri öld í vestfirsku sjávarþorpi, Þingeyri við Dýrafjörð, þegar ég var að alast þar upp. Þá var þorpið einangrað allan veturinn; engir vegir færir í næstu firði; skipakomur fátíðar. Dimmt var á kvöldum lungann úr árinu því olían, eina eldsneytið til framleiðslu rafmagns og hitunar húsa, var af skornum skammti. Blöð bárust sjaldan. Gamla Gufan eina röddin sem flutti fréttir.

Mörg heimili geymdu minningar um feður og syni sem höfðu druknað í hafi. Sjósóknin var erfið atvinnugrein; kostaði fórnir. Erlendir togarar herjuðu á miðin og fiskistofnarnir í bráðri hættu. Landhelgisstríðin voru barátta fyrir efnahagslegu sjálfstæði; úrslitin óviss þótt við vitum nú að málstaður Íslands varð í fyllingu tímans að alþjóðalögum.

Þrátt fyrir mótbyr á fyrri tímum tókst Íslendingum að umbylta stöðu sinni, leggja grundvöll að velferð og hagsæld, efla menntun og heilbrigðisþjónustu með heill allra að leiðarljósi.


Þessi árangur kynslóðanna ætti að vera okkur hvatning til að sigrast í sameiningu á erfiðleikum, gera öllum kleift að ná fótfestu á ný þrátt fyrir hrun fjármálakerfis enda viðspyrna okkar traustari nú en hún var á fyrri tíð.

Auðlindir Íslands hafa á síðari árum orðið æ verðmætari. Orkan í fallvötnum og iðrum jarðar er eftirsóttari en nokkru sinni. Hættan á loftslagsbreytingum knýr allar þjóðir til að umskapa orkukerfin á sama veg og Íslendingar. Fiskistofnar og gæði landsins eru grundvöllur matvælaíðnaðar í fremstu röð. Það eru forréttindi þegar fæðuöryggi verður í vaxandi mæli vandi heimsins. Náttúra Íslands, fjölbreytni hennar og fegurð, er og dýrmæt auðlind, sífellt uppspretta nýrra tækifæra. Vatnsbólín sem við áður töldum eingöngu til heimabruks eru í vaxandi mæli eftirsótt vegna útflutnings því skortur á drykkjarvatni er óðum að verða helsta vandamál margra þjóða.

Allt eru þetta mikilvægar og eftirsóttar auðlindir. Auk þess er þjóðin nú betur búin að menntun og hæfni en nokkru sinni fyrr; skólar og rannsóknastofnanir, heilsugæsla og velferðarþjónusta öflugri en í flestum löndum.

Þótt áföllin að undanfögnu hafi orðið okkur býsna erfið og þúsundir glími við atvinnuleysi og eignamissi þá ber að sækja uppörvun og sóknarkraft bæði í tækifærin sem auðlindir skapa og margvíslega eiginleika sem þjóðin býr að.

Við getum byggt hið nýja Ísland á grunni sem fyrri kynslóðir festu í sessi, hinum víðtæka árangri sem baráttan á 19. og 20. öld færði Íslendingum, allt frá því að fátækir skólasveinar sátu hér á Bessastöðum og létu sig dreyma um bjarta framtíð.

A handwritten signature in black ink, reading "Ólafur Ragnar Grímur". The signature is written in a cursive, flowing style with a prominent flourish at the end.